

6. fundur atvinnumálanefndar, kjörtímabilið 2014 - 2018, haldinn þann 1. desember 2015, kl. 20:30, á skrifstofu Skaftárhrepps.

Mættir undirritaðir fulltrúar nefndarinnar.

Á fundinn mættu: Þorsteinn M. Kristinsson (formaður), Auður Eypórsdóttir (ritari), Sveinn Hreiðar Jensson og Gunnar Pétur Sigmarsson. Þuríður Benediktsdóttir (varaformaður) boðaði forföll og í hennar stað mætti Gústaf Pálsson. Einnig mætti á fundinn Eirný Valsdóttir, verkefnisstjóri verkefnisins Skaftárhreppur til framtíðar.

Auður Eypórsdóttir ritaði fundargerð.

1) Verkefnið Skaftárhreppur til framtíðar.

Eirný Valsdóttir kynnti verkefnið. Þar kom helst fram að verið er ýta á að ríkisjarðir í hreppnum komist í ábúð á ný. Einnig var rætt um lagningu ljósleiðara og hann sé þá lagður í sama plógfar og þriggja fasa rafmagnið. Þekkingarsetur er komið aftur á dagskrá.

2) Fjárhagsáætlun 2016.

Farið yfir fjárhagsáætlun málaflokka atvinnumálanefndar, milli umræðna í sveitarstjórn. Drög frá sveitarstjórn eftir fyrstu umræðu liggja fyrir nefndinni. Atvinnumálanefnd telur æskilegt að sveitarfélagið fari að hafa beinar tekjur af sæluhúsum og tekið verði tillit til þess þegar næstu samningar verða gerðir við þau félagasamtök sem að þeim standa.

Atvinnumálanefnd fagnar því að til standi að ráðinn verði starfsmaður í Skaftárhrepp vegna Náttúrustofu Suðausturlands og ítrekar afstöðu atvinnumálanefndar um starf láglendisvarðar.

Atvinnumálanefnd hefur margoft farið þess á leit við sveitarstjórn að koma á fót starfatorgi. Til þess þarf sveitarstjórn að endurnýja heimasíðu sveitarfélagsins. Nefndin spyr hvort hafinn sé undirbúningur að nýrri heimasíðu?

3) Önnur mál.

Samgöngumál skipta miklu fyrir atvinnumál í sveitarfélaginu. Á fimmta fundi atvinnumálanefndar velti nefndin fyrir sér hvort samgöngumál ættu að vera innan málefna atvinnumálanefndar. Nefndarmenn eru sammála um að svo eigi að vera og óskar eftir því að sveitarstjórn taki afstöðu til þess.

Atvinnumálanefnd fagnar því að Gestastofa Vatnajökulspjóðgarðs muni rísa en ítrekar jafnframt mikilvægi þess að unnið verði áfram að, að Þekkingarsetur rísi á Kirkjubæjarklaustri.

Atvinnumálanefnd vill fara þess á leit að kannað verði með skráningu á frístundahúsnæði sem og öðrum fasteignum sem kunna að vera ranglega skráð í fasteignamati, en eiga að teljast til atvinnuhúsnæðis og bera skatta og gjöld samkvæmt því. Með þessu er atvinnumálanefnd að horfa á gistingu auglýsta á vefsíðum líkt og Airbnb.com og fleiri bókunarsíða. Vilji Skaftárhreppur vera gæðaáfangastaður er mikilvægt að ávallt sé fagmennsku gætt.

Fleira ekki gert, fundargerð lesin yfir og samþykkt. Fundi slitið kl. 23:00.

Þorsteinn M. Kristinsson

Gústaf Pálsson

Sveinn Hreiðar Jensson

Gunnar Pétur Sigmarsson

Auður Eyþórsdóttir